

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Lækjar- og Tjarnartún í Naustahverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 2. mars 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Naustahverfi. Breytingar á deiliskipulaginu felast í breytingum á skilmálum, byggingarreitum og bindandi byggingarlínum fyrir fjölbýlishús sunnan Lækjartúns og í afmörkun byggingarreita fyrir sólskála við raðhús við Tjarnartún.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 14. maí 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.